

REGLUR

um breytingu á reglum um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996.

1. gr.

3. gr. reglnanna orðast svo:

Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annaðhvort þannig:

1. að auglýsing birtist á netinu á sérstöku vefsvæði um laus störf hjá ríkinu og til hennar sé jafnframt vísað að minnsta kosti einu sinni í yfirliti um laus störf hjá ríkinu sem birtist í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Í yfirlitinu skal tilgreina starfsheiti, nafn stofnunar, í hvaða sveitarfélagi starfsmaður verður staðsettur og hvert leita skuli varðandi frekari upplýsingar. Umsóknarfrestur skal miðast við fyrstu birtingu yfirlits í dagblaði, eða
2. að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í dagblaði sem gefið er út á landsvísu.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi þann 1. október 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Sonja María Hreiðarsdóttir.